Vísir 7 febr. 1936

# Athugasemd.

Að gefnu tilefni skal þess getið, að ég á engan þátt í greinaþýðingum þeim, sem hér hafa komið í blaðinu og H. P. stendur undir; set altaf fult nafn undir greinar mínar, nema, ef til vill, ef svo stendur á, að ekkert er um að villast, eins og t. d. ef ég leiðrétti prentvillur í grein eftir mig. En í sambandi við efni annarar af ofannefndum greinum er best að ég geti þess, að ég tel það hið mesta óráð, ef bifreiðastjórar hættu að gefa hljóðmerki; hefi ég oftar en einu sinni verið vottur að því, að við slysi hefir legið af því að slíkt var vanrækt. Stendur hér alt öðru vísi á en þar sem bifreiðar eru tífalt eða hundraðfalt fleiri. Og þó að vér getum margt gott lært af útlendingum, þá ber oss vel að gæta þess, að taka ekki eftir þeim það, sem hér á ekki við.

5. febrúar.

Helgi Pjeturss.